

Reglur um liðveislu á vegum Félagsþjónustu Norðurlands
Samkvæmt 43. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 24. grein laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

1. gr.

Með liðveislu samkvæmt reglum þessum er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun og auka félagslega færni.

Liðveisla skv. reglum þessum er ekki ætluð til aðstoðar við athafnir dagslegs lífs.

Réttur til að sækja um liðveislu samkvæmt reglum þessum er bundin við eftirtalda:

- a) Þá sem metnir eru til varanlegrar örorku af hálfu Tryggingarstofnunar ríkisins.
- b) Þá sem fá greiddar umönnunarbætur eða umönnunarstyrk frá Tryggingarstofnun ríkisins.
- c) Þá sem búa utan stofnana og sambýla.
- d) Þá sem af sérstökum ástæðum þurfa liðveislu inn á stofnanir.
- e) Börn sem ekki nýta sér þjónustu skólavars eftir skólalag.
- f) Þeir sem af einhverjum sérstökum ástæðum samkvæmt mati eru taldir þurfa liðveislu tímabundið.

Að öðru leiti miðast réttur til liðveislu við ákvæði 1. mgr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga (lögheimilisákvæði).

2. gr.

Liðveisla samkvæmt reglum þessum er metin af starfsmönnum samráðsfunda Félagsþjónustu Norðurlands. Við mat á umsókn um liðveislu er metin félagsleg staða einstaklingsins og þörf hans fyrir liðveislu, eðli fötlunar og færni viðkomandi.

Liðveisla skal að hámarki vera 24 tímar á mánuði og er þá um mikla fötlun að ræða. Minni fötlun skal að hámarki vera 16 tímar. Ráðgjöf og skýrslugerð skal innifalin í ofangreindum stundafjölda.

Samþykkt skal vera tímabundin, til sex mánaða í senn. Þó skal heimilt að samþykkja liðveislu til 9 mánaða, þar sem það á við og liðveislun er tengd annarri tímabundinni þjónustu t.d. skólavist.

3. gr.

Umsjónaraðili liðveislu innan félagsþjónustunnar er deildarstjóri um málefni fatlaðra. Hann hefur eftirlit með kostnaði liðveislu og að samþykktur tímafjöldi sé innan marka fjárhagsáætlunar hverju sinni. Deildarstjóri um málefni fatlaðra sér um ráðningu starfsmanna, fer með daglega stjórn á starfseminni og útvegar ráðgjafa fyrir liðsmenn sé þess þörf.

4. gr.

Beiðni um liðveislu skal vera í formi skriflegrar umsóknar. Umsókn á þar til gerðu eyðublaði skal undirritað af umsækjanda sjálfum, forsjáraðila hans eða talsmanni. Með umsókn um liðveislu skal að jafnaði fylgja greinargerð frá deildarstjóra málefna fatlaðra um fötlun umsækjanda, þörf og markmið liðveislunnar.

5. gr.

Ákvörðun um liðveislu skal tekin á samráðsfundi fulltrúa Félagsþjónustu Norðurbings og skulu tilskilin göng samkvæmt 4. gr. liggja fyrir. Ef samþykkt er liðveisla fram yfir þann tímafjölda sem tilgreindur er í 2. gr. **skal vísa málinu til Félagsmálaráðs til ákvörðunar.**

Liðveisla skal hefjast innan tveggja mánaða frá samþykkt, ella fellur samþykkt út gildi.

Liðveislu skal ætíð sækja um að nýju að lokinni fyrri samþykkt með þeim gögnum sem áskilin eru í 4. gr. nema slíkt sé augljóslega óþarft.

6. gr.

Liðveitendur taka laun sín frá Húsavíkurbæ samkvæmt launataxta Starfsmannafélags Húsavíkurbæjar.

Liðveitendum er óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim sem njóta liðveislu. Liðveitendur skulu gæta þagmælsku um þau atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu. Fyrir 20. hvers mánaðar skal liðveitandi skila inn launa- og akstursskýrslum til þjónustudeildar fatlaðra. Launaskýrslur skulu einnig áritaðar af þeim sem nýtur liðveislu, foreldrum hans eða forráðamanni.

Einnig skulu liðveitendur skila inn reiknisyfirliti ásamt fylgiskjölum vegna útgjalda. Til útgjalda telst útlagður kostnaður liðveitanda við liðveislu, s.s. vegna bíó- og leikhúsferða.

7. gr.

Útgjöld skv. 5. mgr. 6. gr. skulu aldrei verða meiri en 3000- á hvern einstakling á mánuði að meðaltali.

Þegar akstur er nauðsynlegur skal skila akstursskýrslu en hámark aksturs skal ekki vera meiri en 50 km á mánuði að meðaltali.

Kílómetragjald miðast við staðlaðar reglur um verð á hvern km sem bæjarfélagið fer eftir. Ofangreindar upphæðir endurskoðast með hliðsjón af verðlagsþróun í janúar ár vert.

8. gr.

Málsmeðferð skv. reglum þessum fer að ákvæðum 14. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og málskot skv. 65. gr. sömu laga.

Reglur þessar voru samþykktar árið 1996 og uppfærðar samkvæmt breytingum og samþykktum í ágúst 2009.

